

Reglur um félagslega heimaþjónustu í Fjarðabyggð

1. gr.
Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum, við sem eðlilegastar aðstæður.
2. gr.
Hlutverk félagslegrar heimaþjónustu er að veita:
aðstoð við heimilishald
aðstoð við persónulega umhirðu
félagslegan stuðning
aðstoð við umönnun barna
3. gr.
Rétt til félagslegrar heimaþjónustu eiga þeir einstaklingar sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fottlunar.
4. gr.
Félagsmálanefnd og forstöðumaður félagsþjónustusviðs fara með stjórn félagslegrar heimaþjónustu á vegum Fjarðabyggðar.
5. gr.
Áður en aðstoð er veitt skal starfsmaður félagsþjónustusviðs meta þjónustupörf, þegar við á í samráði við heilsugæslulækni, heimahjúkrun eða Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Leitast skal við að veita þá þjónustu sem viðkomandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Læknisvottorð skal liggja fyrir ef ástæða þykir til.
6. gr.
Stefnt skal að því að sem flestir starfsmenn hafi lokið sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu.
7. gr.
Félagsmálanefnd skal setja reglur og leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu, þar sem m. a. eru nánar tiltekin verkefni starfsmanna, skyldur þeirra og réttindi. Reglur þessar skulu kynntar fyrir starfsmönnum og viðskiptavinum.
8. gr.
Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu fá greidd laun hjá Fjarðabyggð og gilda um launakjör samningar milli Fjarðabyggðar og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum, þiggja gjafir eða lán frá viðskiptavinum. Starfsmenn skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og helst þagnarskylda þótt viðkomandi láti af störfum.
9. gr.
Heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags. Þjónusta utan þess tíma skal eingöngu veitt ef fyrir liggur samþykki forstöðumanns félagsþjónustusviðs og/eða félagsmálanefndar. Starfsmanni ber að tilkynna veikindi og önnur forföll til starfsmanns félagsþjónustusviðs. Viðskiptavinur skal tilkynna starfsmanni félagsþjónustusviðs ef hann forfallast og getur ekki tekið á móti starfsmanni.
10. gr.
Fyrir félagslega heimaþjónustu skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálanefnd.
12. gr.
Sé beiðni um félagslega heimaþjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.
13. gr.
Umsækjandi félagslegrar heimaþjónustu getur áfrýjað ákvörðun um höfnun umsóknar til félagsmálanefndar Fjarðabyggðar, skal það gert innan fjögurra vikna. Ákvörðun félagsmálanefndar má áfrýja til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu sbr. 64. gr. laga nr. 40/1991.
14. gr.
Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og óðlast þegar gildi. Jafnframt eru fyrri reglur um heimilishjálp á Eskifirði, Neskaupstað og Reyðarfirði felldar úr gildi.

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar 18. júlí 2000.
Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 24.8.2000
Guðmundur Bjarnason
bæjarstjóri